



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Borgarbyggð
Sigurður Páll Harðarson,
forstöðumaður framkvæmdasviðs
Borgarbraut 11
310 Borgarnes

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070100141/sf

Aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017, Bifröst

Vísað er til tölvupósts Húss og skipulags ehf frá 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 og að umsögnin verði send sveitarfélaginu Borgarbyggð.

Skipulagstillagan nær til lítils svæðis innan sveitarfélagsins Borgarbyggðar, þ.e. þéttbýlisins á Bifröst. Ekki er í gildi aðalskipulag fyrir allt sveitarfélagið en í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að unnið er að undirbúningi að gerð aðalskipulags fyrir allt sveitarfélagið eftir sameiningu sveitarfélaga árið 2006. Jafnframt kemur fram að Skipulagsstofnun hefur heimilað að gengi verði frá aðalskipulagi fyrir þéttbýlið á Bifröst.

Verndarsvæði

Þéttbýlið á Bifröst er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 210) en skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er skylt að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði náttúruminum á náttúruminjaskrá. Í skránni er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Grábrókarhraun og Hreðavatn, Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr. og Stafholtstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimildal.

Grábrókarhraun er auk þess jarðmyndun (eldhraun) sem njóta skal sérstakrar verndar og forðast skal að raska eins og kostur er, sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Þéttbýlissvæðið er jafnframt innan svæðis sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að verði friðlýst, sbr. skýrslu stofnunarinnar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Um er að ræða yfir 3.000 ha svæði við Hreðavatn og sunnan þess en innan svæðisins er friðlýsta náttúruvættið Grábrókargígar. Forsendur fyrir verndun svæðisins eru: „*Náttúrlegur birkiskógur og kjarr, sjaldgæfar plöntutegundir, fjölsótt útivistarsvæði.*”

Auk þessa má benda á að stjórnvöld hafa markað stefnu um vernd birkiskóga, sbr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi).

Í staðfestu svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010 er svæðið frá Hreðavatni að Munaðarnesi skilgreint sem hverfisverndarsvæði að þéttbýlinu að Bifröst undanskildu, sbr. kafla 3.8.2 í svæðisskipulaginu. Í greinargerð með skipulaginu segir m.a. (kafla 3.8.2): „*Svæðið frá Hreðavatni að Munaðarnesi er þegar afgirt og verndað fyrir beit. Í svæðisskipulaginu er það skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Gert er ráð fyrir ákveðinni uppbyggingu frístundahúsa, en svæðið verði annars verndað í sem óbreyttastri mynd.*”

Samkvæmt svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu að Bifröst, en í greinargerð með svæðisskipulaginu segir m.a. að brýnt sé að ganga frá aðalskipulagi staðarins. Aðalskipulagstillagan tekur til svæðis sem sýnt er sem þéttbýli í svæðisskipulaginu, en auk þess svæðis fyrir hreinsimannvirki fráveitu handan Hringveggar, sbr. greinargerð með aðalskipulaginu.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að þéttbýlið á Bifröst er innan svæðis sem hefur mikið verndargildi og því brýnt að staðið verði vel að áframhaldandi uppbyggingu þar.

Aukin byggð

Við Bifröst er gert ráð fyrir að töluvert stórt svæði verði tekið undir þéttbýli, þ.m.t. íbúðarbyggð, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði. Slík uppbygging hefur í för með sér mikið rask á Grábrókarhrauni og töluverðar ásýndarbreytingar. Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um skipulag frístundabyggðar í nágrenni við Grábrók vakið athygli á mikilvægi þess að umhverfis friðlýstar náttúrumyndanir sé svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð til þess að þær fái notið sín og að jarðfræðilegu samhengi jarðmyndana sé ekki raskað. Líta beri á Grábrókargíga og Grábrókarhraun sem eina landslagsheild. Að mati Umhverfisstofnunar mynda Grábrókahraun, ásamt eldvörpum sem þar eru, sérstætt jarðeldalandslag sem hefur mikið verndargildi. Einnig hefur stofnunin vakið athygli á að frístundabyggð muni hafa mikil áhrif á ásýnd lands, ekki síst á útsýni frá Grábrókargígum en gönguleið upp á Grábrók nýtur mikilla vinsælda. Að mati stofnunarinnar gildir það sama um stækkun þéttbýlisins við Bifröst og mannvirkjagerð því samfara. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að staðið verði þannig að uppbyggingu á Bifröst að framkvæmdir þar hafi sem minnst rask í för með sér og að byggðin verði ekki dreifðari en þörf er á. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með skipulagstillögunni þess efnis að mikil náttúruvegur sé að Bifröst og brýnt að við allar framkvæmdir verði verndun hrauns og kjarrlendis höfð að leiðarljósi og hvergi verði um óþarfa rask að ræða.

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni eru svæði fyrir íbúðarbyggð ekki samfelld heldur eru inni á milli þeirra svæði sem skilgreind eru sem óbyggð svæði. Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni kemur fram að áður en vinna við aðalskipulag hófst var land metið á svæðinu vegna undirbúnings deiliskipulags og lögð áhersla á að halda þeim svæðum sem hafa mest verndargildi opnum og óbyggðum. Það eigi við um dal norðarlega í byggðinni og hraunsvæði milli fyrirhugaðra íbúðarsvæða sunnan núverandi þéttbýlis.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt loftmynd virðist sem að ekki sé allur „dalurinn“ sem slíkur skilgreindur sem óbyggt svæði. Eins og fram kemur hér að framan telur stofnunin mikilvægt að áhersla verði lögð á að vernda sem mest kjarri vaxin hraunsvæði. Stofnunin telur þó einnig mikilvægt að frekari byggð á Bifröst verði skipulögð þannig að hún sé í sem mestum tengslum við núverandi byggð og sem samfelldust. Ekki eigi að dreifa byggð

um allt hraunið eða skilja eftir stóra hraunfláka innan byggðarinnar þar sem slíkt verði til þess að stærra svæði verði tekið undir byggð en ella. Að mati stofnunarinnar eru fyrirhuguð byggðarsvæði óþarflega dreifð og fjærri þeim byggðarkjarna sem þegar er risinn á Bifröst. Þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að uppbygging verði áfangaskipt þannig að fyrst verði byggt næst núverandi byggð.

Í kaflanum Framtíðarsýn og markmið í greinargerð með skipulagstillögunni kemur m.a. fram að við uppbyggingu á Bifröst verði byggð upp nauðsynleg þjónusta fyrir háskólaþorpið en fyrst og fremst verði byggðar íbúðir og háskólamannvirki. Lögð er áhersla á að byggðin verði lágreist og felld vel að landi. Þar segir einnig:


„Varðandi alla byggð á Bifröst og gerð deiliskipulags er nauðsynlegt að setja ströng ákvæði til að tryggja að ekki verði um neitt óþarfa jarðrask að ræða. Þéttbýlið er á fallegu hrauni og kjarri vöxnu landi. Á öllum svæðum og í öllum landnotkunarflokkum skal gæta þess að hús verði felld inn í landið með sem minnstu raski utan húsgrunna.“


Umhverfisstofnun tekur undir það að mikilvægt sé að tryggja að ekki verði um óþarfa jarðrask að ræða og að þess verði gætt að byggðin falli eins vel að landi og kostur er. Í því sambandi bendir stofnunin á að húsagerð og staðsetning húsa hefur áhrif á útsýni í átt að Grábrókargígum og af gígnum sjálfum, en vinsæl gönguleið liggur upp á Grábrók eins og bent er á hér að framan. Stofnunin telur að við gerð deiliskipulags ætti að setja það sem skilyrði að hraun verði varðveitt sem mest innan lóða og að götur verði aðlagðar hrauninu í legu og hæð til að bæði raskað svæði og sjónræn áhrif uppbyggingarinnar verði sem minnst. Þá telur Umhverfisstofnun að leggja mætti aukna áherslu á frágang raskaðra svæða innan þéttbýlissvæðisins en gert hefur verið.

Í umfjöllun í greinargerð um íbúðarsvæði kemur fram að austast á svæðinu verði byggð einnar til tveggja hæða en vestan hæðarharfa sé gert ráð fyrir að byggð verði allt að þriggja hæða. Í umfjöllun um þjónustusvæði kemur m.a. fram að hús verði allt að fjögurra hæða.

Umhverfisstofnun telur að betur færi á því að miða við að byggingar verði ekki hærri en þær byggingar sem nú þegar eru fyrir á Bifröst til að takmarka sjónræn áhrif byggðarinnar. Byggðin á Bifröst er í hrauni sem er kjarri vaxið og í nágrenni við þéttbýlið eru svæði fyrir frístundabyggð og útivistarsvæði. Að mati stofnunarinnar mun háreistari byggð hafa í för með sér mun neikvæðari sjónræn áhrif, þar sem hún myndi standa hátt upp úr landinu og skyggja á landform í nágrenninu. Sem dæmi um hugsanleg sjónræn áhrif má benda á að frístundahús sem byggt hefur verið í nágrenni Grábrókar, rétt ofan við byggðina á Bifröst, stendur þar hátt í landi og setur mikinn svip á umhverfið. Þegar horft er frá þjóðvegi í átt að Grábrókargígum og Baulu ber húsið við himin, sem er til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um svæðið fara.

Virðingarfyllst


Helga Jónsson
forstöðumaður


Sigrún Friðriksdóttir
fagstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.
Hús og skipulag, b.t. Hildigunnar Haraldsdóttur.